



**PAPA verkefnið miðar að því að stuðla
að jafnvægi vinnu og einkalífs fyrir
feður (einstæðra og í sambandi)**

LEIÐARVÍSIR FYRIR FEÐUR

Disclaimer (PAPA): This toolkit expresses the views of its creators, who are the organizations of the PAPA Project Partnership. The responsible bodies of the Erasmus+ program are not responsible for any use of the information contained.

PAPA VERKEFNIÐ: Að stuðla að jafnvægi milli vinnu og einkalífs fyrir feður

Tæknipróun hefur leitt af sér öra þróun á vinnumarkaði bæði hvað varðar eðli starfa og jafnvægi vinnu og einkalífs hjá öllum kynjum.

Jafnvægi milli *vinnu og einkalífs* snýst ekki aðeins um hvernig maður ráðstafar tíma sínum og ræktar fjölskyldutengslin heldur almennt að lífsgæðum. Með jafnrétti kynjanna og aukinni þátttöku feðra í uppeldi og fjölskyldulífi þá er jafnvægi vinnu og einkalífs áskorun fyrir öll kyn. Karlar hafa stigið fram og taka nú þátt í baráttu fyrir auknu jafnrétti og mannréttindum kynjanna.

Í gegnum tíðina hefur verið gerð sú krafa á karla að þeir séu fyrirvinnur og vinni meiri yfirvinnu sem hefur leitt til þess að ójafnvægi er á milli vinnu og einka- eða fjölskyldulífs. Þessi krafa hefur orðið til þess að feðrum finnist þeir ekki verja nægum tíma með börnum sínum og/eða fjölskyldu auk þess sem vinnuálag hefur oft neikvæð áhrif á samskipti og heilsu feðra (líkamlega og andlega).

Það er mikilvægt að valdefla og styðja feður og karlmenn í því að taka virkan þátt í uppeldi og fjölskyldulífi og vinna með úrehtar staðalímyndir kynjanna í ljósi þess að ónóg þátttaka feðra í uppeldinu hefur neikvæð áhrif á félags- og tilfinningaþroska barna.

Lögleiðing foreldra- og fæðingarorlofs er mikilvægur þáttur í valdeflingu feðra, samanber tilskipanir Evrópusambandsins (European Directive 1158/2019) sem aðlöguð voru í lög nr. 4808/2021 í Grikklandi og lög nr. 144/2020 á Íslandi. Hugmyndin með foreldraorlofi er að stuðla að jafnrétti kynjanna og stuðla að aukinni þátttöku feðra í uppeldinu og fjölskyldulífinu.

PAPA (Promoting work-life balance to professional male parents or single parents and careers) verkefnið er styrkt af Erasmus+ (KA210-ADU) menntaáætlun Evrópusambandsins og er leitt af Institute of Prevention and Development (IPD) frá Grikklandi í samvinnu við Einurð frá Ísland.

Verkefnið miðar að því að stuðla að jafnvægi í vinnu og fjölskyldulífs hjá feðrum. Fjöldi rannsókna sýnir fram á að ójafnvægi vinnu og einkalífs hefur bein áhrif á heilsu og velferð feðra (getur leitt til aukinnar streitu, tilfinningalegs ójafnvægis og skertra lífsgæða o.fl.).

Umgjörð PAPA verkefnisins var hönnuð af Institute for Prevention and Development - IPD, sem síðan var þróað og útfært í kennslufni í samstarfi við Einurð m.a. byggt á niðurstöðum Fatherhood verkefnisins. Hannað var opið menntaefni og kennsluáðferðir fyrir foreldra og þá sérstaklega feður á vinnumarkaði (í sambandi eða einstæða) sem miðaði að því að byggja upp færni og stuðla að jafnvægi vinnu og fjölskyldulífs og stuðla að jafnrétti kynjanna í foreldrahlutverkinu. Farið er yfir hvernig má bregðast við vanlíðan, streitu og tilfinningalegu álagi sem hefur ekki eingöngu áhrif á heilsu feðra heldur

einnig samskipti þeirra við börn sín.

Með PAPA verkefninu og þessum leiðarvísi er leitast við að valdefla og styðja feður til að byggja á eigin styrkleikum en um leið vekja athygli almennings á mikilvægi jafnréttis kynjanna og virkri þátttöku feðra í uppeldinu.

PAPA verkefnið var þróað sumarið 2022 en styrkur fékkst til þess í árslok og hófst það í byrjun mars 2023. Upphafsfundur samstarfsaðilanna fór fram 5. apríl 2023 og í kjölfarið var unnin þarfagreining og skrifborðsrannsókn í báðum þáttökulöndunum (Grikklandi – Íslandi).

Fyrsti kynningarviðburðurinn var haldinn 7. apríl 2023 á Feðradagshátíð í Þessalóníku Grikklandi. Skipulögð var 2 tíma vinnustofa er snérist um valdeflingu og vellíðan feðra, þar var unnið með streitustjórnun, núvitund auk þess sem fjallað var um þætti sem hafa áhrif á lífsgæði vinnandi feðra.

Tilraunakennsla og jafningjaþjálfun feðra átti sér stað 9.-18. janúar 2024 þar sem faðir sem hafði tekið þátt í Fatherhood verkefninu leiddi þjálfunina og byggði á opnu menntefni og niðurstöðum þarfagreiningar. Þjálfunin var á ensku og var í boði bæði fyrir feður á Ísland og Grikklandi.

Þjálfunin var liður í að aðlaga opið menntefni og aðferðir sem síðan var unnið með í þróun á þessum vegvísi þar sem settir eru fram eftirfarandi námsþættir:

- Hvernig má takast á við ólíka þætti foreldrahlutverksins og ná fram jafnvægi á milli vinnu og fjölskyldulífs
- Hvernig má vinna með streitu með einföldum og skemmtilegum æfingum.
- Fræðsla og upplýsingar um hvernig má ná jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs.
- Vitundarvakningu um neikvæð áhrif ójafnvægis vinnu og fjölskyldulífs á föðurhlutverkið og heilsu feðra.

Kynning á Papa Leiðarvísinum

Leiðarvísinum er ætlað að leiðbeina feðrum, hag- og fagaðilum sem vilja skipuleggja námskeið og vinnustofur sem miða að því að auka færni feðra í að ná jafnvægi á milli vinnu og fjölskyldulífs. Hann er setur fram í eftirfarandi hlutum:

Fyrsti hluti snýr að niðurstöðum af gagnaöflun þar sem farið var yfir laga- og stuðningsumhverfi innan Evrópusambandsins og í þátttökulöndunum, er kemur að stuðningi við feður og foreldra. Jafnframt er farið yfir niðurstöður spurningakönnunar til feðra um aðstæður þeirra og þarfir.

Næsti hluti skoðar mikilvægi föðurhlutverksins í tengslum við þroska barna, uppeldisaðferðir, aga, tilfinningagreind og jákvæða styrkingu á samkennd og samskiptafærni.

Þriðji hlutinn snýr að valdeflingu feðra, sjálfsumönnun og streitustjórnun til að stuðla að sterku sambandi föður og barns.

Leiðarvísirinn er í formi stuttra ráðlegginga og ábendinga sem byggja á gagnreyndum aðferðum og tilvitnunum í heimildir. Í viðauka má finna aðferðir og æfingar er stuðla að aukinni sjálfsvitund, tilfinningagreind og vellíðan auk aðferða til að takast á við streitu með núvitund sem allir geta nýtt sér sjálfstætt eða í hópum.

1. KAFLI: GAGNAÖFLUN

Gagnaöflun fól í sér greiningu á lagaramma og stuðningsramma, spurningakönnun og viðtöl.

1.1 Lagarammi og stuðningsumhverfi

Fæðingarorlof feðra á vinnumarkaði er lykilþáttur í því að þeir geti fundið jafnvægi á milli vinnu og fjölskyldulífs. Löggjöf um foreldraorlof er ólík innan landa Evrópusambandsins, sum lönd hafa byggt upp sveigjanlegt laga- og stuðningsumhverfi á meðan íhaldssemi er ráðandi í öðrum löndum. Hér verður skoðaður lagarammi í tengslum við fæðingar- og foreldraorlof í Evrópu, á Íslandi og í Grikklandi.

Á vettvangi Evrópusambandsins miðar tilskipun 2019/1158 að því að auka jafnvægi milli vinnu og einkalífs foreldra og umönnunaraðila og stuðla að jafnrétti milli karla og kvenna. Stefna sambandsins er að stuðla að jafnvægi milli vinnu og einkalífs en um leið vinna gegn staðalímyndum kynjanna og stuðla að jafnræði kynjanna er kemur að því að axla ábyrð á uppeldi og fjölskyldulífi. Tilskipunin miðar jafnframt að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði, hvetja karla til virkrar þátttöku í uppeldi og fjölskyldulífi og stuðla að því að þeir geti sameinað betur vinnu við fjölskylduábyrgð og brjóta á bak aftur neikvæðar staðalímyndir og viðhorf á vinnumarkaði.

Tilskipunin kveður á um að 10 virka daga í foreldraorlof fyrir feður eða samsvarandi annað foreldri. Einnig er kveðið á um lágmarkskröfur um foreldraorlof sem nemur 4 mánuðum og 5 virkir dagar. Aðildarríki ESB eiga einnig að tryggja að vinnandi foreldrar (og umönnunaraðilar) með börn að tilteknum aldri hafi rétt til að óska eftir sveigjanlegu vinnufyrirkomulagi af umönnunarástæðum.

Með tilskipuninni er tvíhliða tryggður möguleiki starfsmanna sem nýta sér rétt til orlofs til að nýta greiðslur foreldraorlofs til viðbótar við áunnin réttindi og orlof án þess að það hafi áhrif á starfsréttindi. Evrópusambandið er að vinna með að auka réttindi feðra til foreldraorlofs til að stuðla að jafnrétti er kemur að fjölskyldulífi og foreldraábyrgð.

Í Grikklandi er lög nr. 4808/2021 fyrsta skrefið í innleiðingu á tilskipun (ESB) 2019/1158 sem liður í því að breyta og afnema það ójafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs sem karlar í grísku samfélagi hafa búið við lengi. Þar er horft til þess að auka þátttöku og ábyrgð feðra í uppeldi og er kemur að því að axla ábyrgð á fjölskyldulífinu.

Nýju lögini lengja foreldraorlof frá þeim 10 dögum sem eru lágmarksviðmið í tilskipun Evrópusambandsins í að lágmarki 14 daga sem jafnframt eiga við þegar um er að ræða ættleiðingu barns sem er allt að 8 ára við ættleiðingu. Foreldraorlof er ófrávíkjanlegur réttur launþega og skal tekið á 4 mánaða tímabili sem hægt er að taka annað hvort samfellt eða í hlutum. Jafnframt er í fyrsta skipti gert ráð fyrir að ríkið greiði fyrir foreldraorlofið fjárhæð sem miðast við lágmarkslaun hverju sinni. Auk

Þess er kveðið á um atvinnurekendur veiti 5 virkir dagar í orlof foreldra/umönnunaraðila og bjóði upp á sveigjanlegt vinnufyrirkomulagi svo sem fjarvinnu, sveigjanlegum vinnutíma eða hlutastarfi, fyrir foreldra með börn allt að tólf ára aldri. Löginn veita einnig starfandi foreldrum ýmis réttindi, þar á meðal umönnunarleyfi, leyfi vegna veikinda og skólustarfs barna.

Það er athyglisvert að með nýju lögunum 4997/2022 gefst móður kostur á að flytja allt að sjö af níu mánaða fæðingarorlofi yfir til föður og hann getur annaðhvort tekið fæðingarorlof eða á móti hlutastarfi. Móðirin sem er réttahafi sérstaks fæðingarorlofs velur hvernig hún nýtir rétt sinn, hvort sem hún nýtir hann allan sjálf eða hvort hún flytur hluta orlofsins til föðursins. Í þeim tilfellum sem faðir tekur hluta af fæðingarorlofi móður þá gilda öll almenn og sértæk ákvæði um mæðraverndar fyrir föðurinn á sama hátt og móðurina m.a. í tengslum við starfsöryggi og endurkomu á vinnumarkað eftir að orlofi lýkur.

Á Íslandi er fæðingar og foreldraorlof 12 mánuðir og skiptist það jafnt á milli foreldra. Hægt er að færa 6 vikur frá öðru foreldri til hins (sjá vef Vinnumálastofnunar, www.vmst.is). Einstæðir foreldrar og fjölskyldur með börn eiga rétt á niðurgreiddri dagvistun og/eða leikskólaplássi frá sveitarfélögum. Grunnskólar á Íslandi er ókeypis fyrir börn og skólamáltíðir eru niðurgreiddar. Flest sveitarfélög bjóða einnig upp á frístundastyrki til að standa straum af kostnaði við íþróttaiðkun, tónlistarkennslu eða öðru tómstundastarfi barnanna. Ríkið greiðir barnabætur til foreldra með börn yngri en 18 ára auk viðbótarfjárhæða vegna barna yngri en 7 ára. Barnabætur eru greiddar í fjórum greiðslum á árinu og ræðst fjárhæð þeirra eftir tekjum fjölskyldunnar.

1.2 Spurningakönnun

Markmið spurningakönnunarinnar var skilgreina þarfir feðra og þær áskoranir sem þeir standa frammi fyrir í foreldrahlutverkinu í báðum þáttökulöndunum. Spurningalistinn byggði á niðurstöðum gagnaöflunar og megindelegum rannsóknáðferðum.

Markmiðið með könnuninni var að afla upplýsinga um og bera saman aðstæður, vinnu- og nærumhverfi feðra í þáttökulöndunum. Að skoða með hvaða hætti þeir nálgust föðurhlutverkið, jafnvægi vinnu og fjölskyldulífs, aðstæður og sveigjanleika á vinnumarkaði. Einnig var skoðuð afstaða þeirra varðandi föðurhlutverkið, jafnvægi vinnu og fjölskyldulífs. Spurningarnar í könnunni snúa að eftirfarandi þáttum:

- ✓ Lýðfræði
- ✓ Barnauppeldi- Þátttaka
- ✓ Vinna – Vinnuaðstæður
- ✓ Jafnvægi fjölskyldu og atvinnulífs
- ✓ Löggjöf og réttindi

Markmið könnunarinnar var að kanna:

- kulnun í tengslum við vinnu
- upplifun feðra á svefngæðum
- þekkingu feðra á slökun sem leið til að takast á við kulnun og streitu aðferðum
- áhrif nærumhverfis og vinnuumhverfis á jafnvægi vinnu og fjölskyldulífs
- þekkingu feðra á gildandi löggjöf um foreldraorlof
- nýtingu feðra á foreldraorlofi og sveigjanleika í vinnuumhverfi
- viðhorf þeirra til vinnumarkaðar er kemur að því að stuðla að jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs
- aðstæður á vinnumarkaði er kemur að jafnvægi vinnu og fjölskyldulífs
- stuðning atvinnurekenda og skilning á mikilvægi foreldrahlutverksins.

Samstarfsaðilar skilgreina „markhópin“ sem karlkyns foreldra (og/eða einstætt foreldri eða umönnunaraðilar). Jafnframt var horft til þess að greina landfræðilegan mun, bæði innan þátttökulandanna og á milli þeirra. Í greiningu á niðurstöðum frá Grikklandi var skoðað hvort munur væri á svörum á milli feðra á meginlandinu og þeirra sem bjuggu á grísku eyjunum sem og hvort munur væri á milli feðra í þéttbýli og dreifbýli.

Spurningakannanir eru algeng aðferð við frumrannsóknir en könnunin var sett upp á opna stafræna vettvangnum *Google Form* til að auðvelda aðgengi svarenda og úrvinnslu niðurstaðna. Könnunin var kynnt á samfélagsmiðlum samstarfsaðila og í gegnum tengslanet þeirra með tölvupóstum og í einhverjum tilvikum prentuðum könnunum sem síðan voru slegnar inn í *Google Form*. Horft var til þess að fá a.m.k. 100 svör við könnuninni.

Áhersla var lögð á að upplýsa svarendur um verkefnið og markmið könnunarinnar sem og úrvinnslu upplýsinga, þ.e. að niðurstöður yrðu eingöngu nýttar innan ramma PAPA verkefnisins og fullur trúnaður og nafnleyndar yrði gætt við úrvinnslu niðurstaðna.

Spurningakönnunin samanstóð að mestu af meginlægum spurningum þar sem svarendur hökuðu við ólíka valmöguleika og nokkrum opnum spurningum. Spurningar voru stuttar og leitast var við að þær væru skýrt afmarkaðar og fælu ekki í sér tvær eða fleiri spurningar. Leitast var við að setja hvorki fram leiðandi eða neikvæðar spurningar til að forðast tvíræðni í svörum.

Til að safna gögnunum tóku samstarfsaðilar viðtöl við feður augliti til auglitis, símleiðis eða á netinu til að afla upplýsinga um reynslu þeirra og skoðanir á viðfangsefni verkefnisins. Um var að ræða hálfstöðluð viðtöl sem gáfu viðmælendum tækifæri til að tjá sig. Í spurningakönnun og viðtölum var leitast við að nota skýrt og einfalt orðalag til að fyrirbyggja misskilning.

1.3 Greining og úrvinnsla

Eftir að hafa safnað gögnum frá báðum þátttökulöndum voru þær greindar, lyklniðurstöður settar fram sem og samanburður á milli landssvæða og þátttökulanda.

Í upphafi var settur fram rammi um greiningu niðurstaðna, fylgni og flokkun. Næsta skref var að greina og bera saman niðstöður úr ólíkum spurningum og þáttum. Eftirfarandi eru samandregnar niðurstöður:

Samantekt á niðurstöðum spurningakönnunar frá "Institute of Prevention and Development" í Grikklandi

Alls tóku 140 feður á aldrinum 19 til 45+ þátt, sem komu frá ýmsum landshornum, flestir (75%) frá Þessaloníkú og Mið-Makedóníu. Af þeim 140 einstaklingum sem svöruðu spurningalistanum voru 57,1% eldri en 45 ára, 30% voru á aldrinum 30 til 45 ára en aðeins 12,9% voru á aldrinum 19 til 30 ára. Þetta gæti bent til þess að karlar séu eldri en áður þegar þeir eignast börn sem gæti tengst auknum kröfum samfélagsins og skort á stuðningi við foreldra og fjölskyldur.

Varðandi menntunarstig svarenda kom á óvart að 37,1% eru með háskólapróf, 32,9% hafa lokið framhaldsnámi á háskólastigi og 7% eru með doktorsgráðu. Aðeins 20% svarenda höfðu lokið verknámi og 2,9% höfðu aðeins lokið framhaldsskóla (sem er skyldunám í Grikklandi). Við gerum okkur grein fyrir að hátt menntunarstig svarenda getur haft áhrif á niðurstöður könnunar þar sem þeir sem búa yfir sérþekkingu eru oft í sérhæfðari störfum sem gera miklar kröfur sem getur orðið til þess að barneignum er seinnkað samaber aldur svarenda.

Af þeim 140 einstaklingum sem svöruðu könnuninni sögðust 87,5% vera í hjónabandi eða sambúð en 7,1% sögðust vera einhleypir, 41% áttu eitt barn, 49% tvö börn og 10% þrjú börn. Sú staðreynd að aðeins 90% eignast eitt eða tvö börn bendir til þess að fæðingartíðni í Grikklandi líkt og í Evrópu sé að lækka mögulega vegna skorts á stuðningi atvinnulífsins, kostnaði við heilbrigðisþjónustu og stuðningi við barnafjölskyldur. Samkvæmt upplýsingum frá Eurostat sem birtar voru í tilefni af alþjóðlegum degi barna 20. nóvember, eiga 49,5% heimila í ESB eitt barn 38,2% tvö börn og 12,4% heimila ESB ala upp þrjú eða fleiri börn. Ef Grikkland er skoðað sérstaklega varðandi börn á heimili, eiga 47,4% eitt barn, tæp 37% tvö börn og 15,7% þrjú börn. Könnun Eurostat nær til 200 milljón manna úrtaks og er í samræmi við niðurstöður spurningakönnunarinnar. Ef litið er til aldurs barna svarenda þá eiga 34,3% barn/börn á aldrinum 0 til 5 ára, 30% 6 til 12 ára, 18,6% 13 til 18 ára og 17,1% eldri en 18 ára.

Allir sem svöruðu spurningalistanum sögðu að þátttaka þeirra í uppeldi barna væri nauðsynleg. Hins vegar sögðust aðeins 57% taka mjög virkan þátt í uppeldi, 33% sögðust bara taka þátt (en ekki

mjög virkan), 7% sögðust taka aðeins þátt og 3% sögðust alls ekki taka þátt. 79% svarenda vildu taka virkari þátt í uppeldi barna sinna og 47% svarenda skilgreindu starfið sem takmarkandi þátt í því að þeir kæmu í auknu mæli að uppeldi barna sinna. Er spurt var um þátttöku í foreldrasamstarfi þá svöruðu 76% feðra að þeir tækju ekki þátt í því. Samkvæmt rannsóknum gengur börnum sem eiga feður sem taka virkan þátt í uppeldinu betur í námi, börn feðra sem leika við þau virðast hafa hærra greindarvísitölu, betri mál- og vitsmunapróska.

Í spurningum er sneru að jafnvægi vinnu og fjölskyldulífs sögðust aðeins 60% hafa ákveðinn vinnutíma og um 30% sögðust vinna meira en 40 klukkustundir á viku. Um helmingur svarenda er ekki ánægður með vinnuálag sem er oft umfram fastann vinnutíma og 25% taka vinnuna oft með heim þar sem þeir hafa ekki tíma til að klára verkefni á skrifstofunni og vinna þá jafnvel um helgar. Hins vegar taka aðeins 7% vinnu með sér í frí. Að auki sögðust næstum 92% svarenda hafa fórnað svefni til að eyða meiri tíma með fjölskyldu sinni og tveir af hverjum þremur svarendum skoða tölvupóstinn sinn, jafnvel eftir að þeir hætta í vinnu.

Varðandi áhrif vinnu á uppeldishlutverkið, sagðist helmingur svarenda hafa misst af mikilvægum viðburðum barna sinna (t.d. skólaleikriti) vegna vinnu, það að vera faðir hafði hinsvegar áhrif á starfsval 72% svarenda. Tæplega helmingur svarenda (54%) þurfti að skipta um vinnu eða aðlaga vinnu sína til að taka þátt í uppeldi barna sinna en um 40% sögðust þurfa að vera í starfi sem færi illa saman við föðurhlutverkið. Almennt kom í ljós að feður í Grikklandi eru ómeðvitaðir um hugmyndir um jafnvægi vinnu og fjölskyldulífs/einkalífs. Flestir svöruðu að jafnvægi hafi áhrif á báða foreldra og 54% svöruðu að jafnvægi væri túlkað sem jafn tími tileinkaður fjölskyldu og vinnu og bentu á mikilvægi þess að vinnuumhverfi þyrfti að styðja við foreldra. Því miður virðist það ekki vera raunin þar sem 40% svarenda töldu að atvinnulífið biði ekki upp á þann stuðning og sveigjanleika sem væri æskilegur til að stuðla að jafnvægi vinnu og fjölskyldulífs og flestir voru ekki meðvitaðir um að það væri stefna stjórnvalda. Þegar horft er til geðheilsu var tæplega helmingur (44%) svarenda meðvitaður um að ójafnvægi vinnu og fjölskyldulífs gæti leitt til streitu og kulnunar í starfi, en 70% sögðust ekki kunna aðferðir til að létta álagi t.d. með öndunaræfingum. Að lokum sögðust 89% þurfa meiri fræðslu um hvernig má vinna með streitu og kulnun, 42% höfðu enga þekkingu á grískru lagaumhverfi um foreldraorlof og mögulega yfirfærslu á fæðingarorlofi frá móður.

Samantekt á niðurstöðum spurningakönnunar frá "Einurd" á Íslandi

Alls svöruðu 75 feður spurningalistanum, þar af voru 56% á aldrinum 45+, 36% á aldrinum 30-45 ára og 8% á aldrinum 19-30 ára. Menntunarstig feðra sem svöruðu könnuninni var; 8% voru með grunnenntun (skyldunám), 24% með verknám/framhaldsskólapróf, 28% með grunnnám úr háskóla

BS/BA próf og 40% með framhaldsnám úr háskóla. Feðurnir voru með ólíkan faglegan bakgrunn. Flestir svarenda bjuggu á höfuðborgarsvæðinu (69,9%), aðrir bjuggu í öðrum landshlutum, flestir á Suðurlandi (15,1%) eða í nálægð við höfuðborgarsvæðið. Meirihluti svarenda var annað hvort í sambandi eða giftur (82,7%) en 10% voru fráskildir. Feðurnir sem svöruðu áttu 1 til 7 börn en flestir (24%) áttu tvö börn.

Öllum fannst það að eyða tíma með börnum sínum annað hvort mikilvægt eða mjög mikilvægt og flestir tóku virkan þátt í uppeldi barna sinna. Meirihluti feðra voru í vinnu (4 atvinnulausir) og meirihluti var ekki með sveigjanlegan vinnutíma (66,7%) á meðan flestir unnu 40 tíma á viku og voru að mestu ánægðir með vinnutímann og taka yfirleitt ekki vinnuna með heim eða sinna henni um helgar eða yfir frídaga í tengslum við hátíðir. Um helmingur feðra hafið upplifað að geta ekki mætt á mikilvæga viðburði í lífi barna sinna vegna vinnu (51,6%) og flestir töldu að það að vera faðir hafi ekki haft áhrif á starfsval (55,6%) né að núverandi starf hefði áhrif á þá ákvörðun að eignast barn. Flestir voru meðvitaðir um hugmyndir um jafnvægi milli vinnu og fjölskyldu/einkalífs, tæpur helmingur taldi að þeir byggju við slíkt jafnvægi (47,2%) en 37,6% töldu sig eyða meiri tíma í vinnu en með fjölskyldu. Flestir svarenda töldu sig hafa stuðning vinnuveitenda sinna til að taka virkan þátt í uppeldishlutverkinu og að vinnustaður þeirra styddi við jafnvægi milli vinnu og einkalífs (76,4%). Flestir voru ekki meðvitaðir um stefnu stjórnvalda og sveitarfélaga varðandi jafnvægi vinnu og fjölskyldulífs (66,7%) og flestum kom á óvart sú hugmynd að jafnvægi milli vinnu og einkalífs gæti haft áhrif á streitu og kulnun í starfi. Flestir þeirra höfðu unnið yfirvinnu og fórnað svefni til að eyða tíma með fjölskyldunni (77,3%) eða vegna vinnu sinnar (74,7%).

Örfáir þeirra þekktu ávinninginn af slökun, öndun og núvitund eða vissu hvort í boði væri einhver slík þjálfu í sínu nærumhverfi. Flestir höfðu áhuga á að fá upplýsingar um slík úrræði (68%).

Samanburður á niðurstöðum í þáttökulöndunum

Byrjum á því sem var líkt í niðurstöðum kannanna í samstarfslöndunum. Flestir svarenda í báðum löndum voru eldri en 45 ára og höfðu mikla menntun en 57,1% í Grikklandi og 56% á Íslandi voru eldri en 45 ára og 32,9% í Grikklandi og 40% á Íslandi höfðu lokið framhaldsnámi á háskólastigi. Auk þess voru flestir svarendur (82,7% á Íslandi og 87,5% í Grikklandi) giftir eða í sambúð og eiga að meðaltali 2 börn.

Áhugavert er að svarendur í báðum löndunum eru ekki meðvitaðir um laga- og stuðningsumhverfi né stefnur ríkis og sveitarfélaga varðandi stuðning við foreldra er kemur að jafnvægi vinnu og fjölskyldu-/einkalífs. Þá virðst feður í báðum þáttökulöndunum eiga það sameiginlegt að hafa ekki geta tekið þátt í mikilvægum viðburðum í lífi barna sinna og að hafa fórnað svefni til að verja tíma með fjölskyldu sinni.

Það er hinsvegar grundvallar munur á niðurstöðum könnunarinnar í samstarfslöndunum Grikklandi og Íslandi. Þrátt fyrir að svarendur beggja landa væru sammála um mikilvægi þátttöku feðra í uppeldinu þá kom fram að í Grikklandi tekur tæplega helmingur feðra virkan þátt samanborðið við 37% á Íslandi. Ef skoðuð eru svör um vinnuaðstæður kemur fram að flestir feður í Grikklandi eru óánægðir með sitt vinnuumhverfi og meirihluti þeirra vinnur einnig um helgar og á frídögum, aðstæður sem virðast ekki fyrirfinnast á Íslandi. Niðurstöður könnunar á Íslandi benda til þess að vinnuumhverfið eða atvinnulífið sé almennt styðjandi við foreldra og föðurhlutverkið ólíkt Grikklandi þar sem barneignir hafa neikvæð áhrif á starfsþróun feðra og að atvinnulífið styddi alla jafnan ekki við að karlar tækju virkan þátt í foreldrahlutverkinu né jafnvægis vinnu og fjölskyldulífs. Þá þekktu flestir svarendur á Íslandi til hugmynda um jafnvægi vinnu og fjölskyldu-/einkalífs á meðan lítil þekking var á þessum hugmyndum í Grikklandi.

2. KAFLI: LEIÐARVÍSIR OG VERKFÆRI

2.1 .Inngangur

Í gegnum tíðina hafa rannsóknir um foreldrahlutverkið beinst að mæðrum frekar en feðrum. Í tengslum við rannsóknir á jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs þá hafa mæður oft taldar vera megin umönnunaraðilar barna og feður skilgreindir sem "stuðningsaðilar". Hins vegar hafa hlutverk kynjanna í mörgum löndum verið að jafnast er kemur að fjölskylduábyrgð og uppeldi barna og nýjustu rannsóknir undirstrika mikilvægi þess að feður komi með virkum hætti að uppeldinu.

Faðirinn er ekki bara stuðningur við móðurina heldur er lykilþáttur í farsælu uppeldi barna. Börn sem eiga meðvitaða og styðjandi feður öðlast betri félagslega hæfni og tengsl við jafnaldra sína, gengur betur í skóla og eru með betri málþroska. Faðirinn getur verið virkur í uppeldinu þó að hann búi ekki með barninu. Þegar börn – jafnvel þegar þau búa ekki hjá föðurnum – hafa reglulega jákvæð samskipti við föðurinn hafa þau tilhneigingu til að stjórna tilfinningum sínum betur en börn sem, jafnvel þó þau búi hjá föður sínum, hafa ekki mikil samskipti við hann.

2.2 Skilningur á hlutverki og skyldum föður

Hlutverk og skyldur feðra eru margþættar og mikilvægt að átta sig betur á þeim áður en farið er að þróa leiðir til að valdefla feður. Dæmi um ólík hlutverk og skyldur eru:

1. Fyrirvinna: Hefð var fyrir því að faðirinn var álitinn fyrirvinna fjölskyldunnar, ábyrgur fyrir því að tryggja fjárhag heimilisins og efnislega velferð barna sinna.
2. Verndari: Faðirinn tekur oft að sér það hlutverk að vernda börn sín fyrir skaða, hvort sem það er líkamlegt, tilfinningalegt eða sálrænt.
3. Fyrirmynd: Faðirinn er fyrirmynd barna sinna, hefur áhrif á hegðun þeirra, gildismat og viðhorf. Hann kennir börnum sínum virðingu, ábyrgð og samkennd.
4. Stuðningur: Faðirinn veitir börnum sínum tilfinningalegan stuðning, hjálpar þeim að þekkja og tjá tilfinningar sínar opinskátt og heiðarlega. Hann hvetur þau líka til að stunda áhugamál sín, fylgja ástríðum og gleðjast yfir afrekum sínum.
5. Fræðari: Faðirinn gegnir mikilvægu hlutverki í menntun barna sinna. Hann aðstoðar við heimanám, ýtir undir forvitni og vekur áhuga þeirra á að læra.
6. Umönnunaraðili: Faðirinn tekur þátt í daglegri umönnun barna sinna, þar með talið hversdagslegum þáttum á borð við að borða, baða sig og undirbúa svefn.

2.3. Mikilvægi virkra feðra fyrir þroska barns

En hvers vegna er föðurhlutverk svo mikilvægt? Það gegnir lykilhlutverki í þroska barns á sviðum eins og félagsfærni, námsárangri, tilfinningagreind og vellíðan. Börn sem eiga feður sem sýna samkennd og stuðning búa yfir meiri félagsfærni, betri tengslum við jafnaldra og málþroska. Þá getur faðir haft óbeint áhrif á líðan barns í gegnum samband sitt við móður barnsins. Átök foreldra eru skaðleg fyrir velferð barna, sérstaklega ef átökin eru fjandsamleg og langvarandi. Jákvætt samband og samskipti foreldra leiða til betri tilfinningastjórnunar barns og draga úr líkum á því að þau þrói með sér hegðunarvanda.

Í þessu samhengi snýst virkt föðurhlutverk ekki aðeins um að mæta efnislegum þörfum barnsins heldur einnig vitsmunalegum, tilfinningalegum og félagslegum þörfum þess. Föðurhlutverkið snýst um að vera til staðar fyrir barnið, bæði líkamlega og tilfinningalega, og taka virkan þátt í uppeldi þess.

2.4. Uppeldisaðferðir



shutterstock.com · 2177779405

Vísindamenn hafa bent á fjórar megingerðir uppeldis. Áður en við förum nánar yfir þær er æfing sem getur hjálpað þér að bera kennsl á hvaða tegund líkist þínum uppeldisaðferðum.



Taktu þér smá stund og svaraðu eftirfarandi spurningum heiðarlega:

Svaraðu JÁ eða NEI ef þú ert sammála eða ósammála eftirfarandi fullyrðingum:

- Telur þú að börn eigi að sjást en ekki heyrast (AN)
- Eru reglur ófrávíkjanlegar „my way or the highway“ (AN)

- Tekur þú tillit til tilfinninga barnsins þíns (AN)
- Leggur þú mikið upp úr því að skapa og viðhalda jákvæðu sambandi við barnið þitt (AV)
- Útskýrir þú ástæðurnar á bak við reglurnar (AV)
- Setur þú mörk, framfylgir reglum og skilgreinir afleiðingar, en tekur um leið mið af tilfinningum barnsins (AV)
- Setur þú reglur en framfylgir þeim sjaldan (P)
- Þú skilgreinir yfirleitt ekki afleiðingar af því að brjóta reglurnar (P)
- Þú trúir því að barnið þitt læri betur ef þú ert ekki að skipta þér af (P)
- Þú spyrð barnið þitt ekki um skóla eða vinnu (U)
- Þú veist sjaldan hvar barnið þitt er og/eða með hverjum (U)
- Þú eyðir ekki miklum tíma með barninu þínu (U)

Stafirnar AN, AV, P og U endurspeglar eftirfarandi uppeldistegundir. Lestu lýsingarnar og hugleiddu svörin sem þú hefur gefið.

Einræði í foreldrahlutverkinu (AN - Authoritarian)

Þessi aðferð einkennist af ströngum reglum og miklum væntingum. Foreldrar sem nota þessa aðferð beita refsingum frekar en aga og ætlast til þess að börn fylgi reglunum án útskýringa.

Leiðandi foreldri (AV- Autoritative)

Þessi aðferð einkennist af sanngjörnum kröfum og miklum samskiptum. Foreldrar sem nota þennan uppeldisstíl setja skýr mörk og leiðsögn en eru líka skilningsríkir og styðjandi. (Þetta er venjulega ráðlögð uppeldisaðferð).

Eftirgefanlegt foreldri (P - Permissive)

Þessi aðferð einkennist af litlum kröfum en miklum samskiptum. Eftirgefanlegir foreldrar hafa tilhneigingu til að vera mjög kærleiksríkir, setja fram fáar reglur og leiðbeiningar. Þessir foreldrar búast ekki við þroskaðri hegðun frá börnum sínum og virka oft meira eins og vinir en foreldrar.

Óvirkt foreldri (UN)

Þessi aðferð einkennist af fáum reglum og takmörkuðum samskiptum. Óvirkir foreldrar geta vanrækt börn óviljandi ekki vegna þess að þeir elski þau ekki, heldur getur ástæðan verið að þau eru upptekin af öðrum skyldum og hafa ekki tíma fyrir uppeldishlutverkið.

Það er mikilvægt að hafa íhuga að ofangreindar aðferðir eru almennar. Í raunheimum einkennist uppeldi á ólíkum tímum af ólíkum uppeldisaðferðum sem geta einnig verið ólíkar á milli systkina í sömu fjölskyldu.

En hvaða áhrif hefur hver uppeldisaðferð á þroska barnsins?

- Einræði í foreldrahlutverkinu: Börn sem alin eru upp við einræði foreldra geta orðið hlýðin og hæf, en þau geta líka upplifað minni í hamingju, félagsfærni og sjálfsvirðingu. Þau eru oft látin velta því fyrir sér hvað þau hafi nákvæmlega gert rangt þar sem mistökum er refsað - oft harkalega.
- Leiðandi foreldri: Börn sem alin eru upp af leiðandi og lýðræðislegum foreldrum eru oft hamingjusöm, hæf og farsæl. Þessi aðferð hvetur börn til að vera sjálfstæð, en setur samt mörk og hefur eftirlit með gjörðum til að veita leiðsögn.
- Eftirgefandleg foreldri: Börn sem alin eru upp af eftirlátsömum foreldrum geta upplifð minni hamingju og sjálfstjórn. Þau geta átt í vandræðum með vald og hafa tilhneigingu til að standa sig illa í skólanum.
- Óvirkt foreldri: Börn sem alast upp hjá áhugalausum foreldrum gengur verst á öllum sviðum lífsins. Þau hafa tilhneigingu til að skorta sjálfstjórn, hafa lítið sjálfálit og minni lífsleikni en jafnaldrar.

2.5. Að setja mörki



2.5.1 Að skilja mikilvægi aga og þes að setja mörk

Að viðhalda aga og setja mörk eru mikilvægir þættir í uppeldi og þroska barna, samanber eftirfarandi:

1. Öryggi og eftirfylgni: Agi sem byggir á mörkum felur í sér að setja skýr mörk sem sýna börnum hvað þau mega gera og hvað ekki. Þegar börn vita hvaða afleiðingar það hefur að fara yfir þessi mörk eiga þau auðveldara með að virða þau.
2. Uppbygging og leiðsögn: Að setja börnum mörk er leiðsögn og hjálpar þeim að þróa mikilvæga lífsleikni sem gerir þeim kleift að skilja ásættanlega hegðun og agaða tilfinningastjórnun.
3. Félagsleg viðmið og væntingar: Þegar skýr mörk eru sett læra börn að laga sig að félagslegum viðmiðum og væntingum. Þessi skilningur stuðlar að þroska þeirra og undirbýr þau fyrir samskipti og sambönd í framtíðinni.

4. Öruggt umhverfi: Mörk stuðla að öruggu umhverfi fyrir börn. Með því að setja mörk geta foreldrar verndað börn sín gegn hugsanlegum skaða og hættulegum aðstæðum
5. Jákvæð samskipti foreldra og barns: Að setja mörk hvetur til jákvæðs sambands foreldra og barns. Það gerir foreldrum kleift að veita leiðsögn og stuðning sem hjálpar til við að byggja upp traust og öryggi.
6. Þróun sjálfsaga og virðingar: Þar sem börn eru þjálfuð í að fylgja þeim mörkunum sem foreldrar setja, þróa þau sjálfsaga og sjálfsvirðingu, eiginleika sem gagnast þeim út lífið.

2.5.2. Aðferðir til að setja og framfylgja reglum

Að setja og framfylgja reglum fyrir börn er erfitt verkefni og áskorun í senn. Eftirfarandi eru nokkrar aðferðir til að setja og framfylgja reglum og mörkum á skilvirkan hátt:

1. Skýrleiki: Vertu skýr þegar þú setur mörk, ekki gefa þér að þau skilji eitthvað. Börn þekkja ekki reglurnar fyrr en þú talar við þau. Gakktu úr skugga um að börnin skilji hvers vegna þessar reglur eru settar og afleiðingar þess að brjóta þær.
2. Samræmi: Vertu samkvæmur við að framfylgja reglum og afleiðingum af því að brjóta þær.



Ábending: Agi verður skilvirkari ef börnin þín taka þátt í að setja reglurnar.

3. Samskipti: Ræddu oft réttindi barnsins, reglur og mörk. Vertu reiðubúinn að ræða við börnin hvort regla sé sanngjörn eða ósanngjörn. Hvettu börnin að koma til þín þegar þau þurfa aðstoð eða útskýringu.
4. Umhyggja: Samhliða aga gagnvart reglum, ekki gleyma hvatningu og stuðningi. Hrósaðu börnum þínum þegar þau fylgja fjölskyldureglum, sérstaklega þegar þau gera það sem ætlast er til af þeim án þess að vera minnt á það.
5. Takmarkaðu fjölda reglna: Fjöldi reglna sem þú setur fer eftir getu barnsins þíns til að skilja og muna þær. Það er erfitt fyrir foreldra að framfylgja mörgum nýjum reglum stöðugt. Einbeittu þér að aðeins tveimur eða þremur mikilvægustu reglum í einu.



Ábending: Mundu að lykillinn að skilvirkri framfylgd er samræmi og skýr samskipti!

Og hér kemur "erfiða" spurningin:

Hvernig get ég framfylgt reglum án þess að vera of strangur við barnið mitt?

Að framfylgja reglum án þess að vera of strangur felur í sér jafnvægi milli skýrra samskipta,

samræmis og samkenndar.

Til að ná góðum árangri munum eftir:

1. **Skýrum samskiptum** : Tjáðu væntingar þínar með skýrum hætti sem og afleiðingar þess að fylgja ekki reglunum. Notaðu einfalt tungumál og gefðu dæmi til að tryggja að barnið þitt skilji.
1. **Samræmi**: Reglurnar eru alltaf í gildi, það hjálpar barninu þínu að skilja að reglurnar eru mikilvægar og óumsemjanlegar.
2. **Jákvæð styrking** : Hrósaðu barninu þínu þegar það fylgir reglunum, sérstaklega þegar það gerir það án þess að vera minnt á þær. Þetta hvetur til jákvæðrar hegðunar og gerir það aðlaðandi að fylgja reglum.
3. **Náttúrulegar afleiðingar** : Leyfðu barninu þínu að upplifa náttúrulegar afleiðingar gjörða sinna. Þetta getur hjálpað þeim að taka betri ákvarðanir í framtíðinni.
4. **Byggðu upp traust** : Sýndu raunverulegan áhuga á lífi barnsins þíns utan reglna og aga. Þetta skapar sterka tengingu og gerir þeim auðveldara að opna sig fyrir þér.

2.6. Hvernig á að meðhöndla reiðikast (tantrums)



1. Staðfestu tilfinningarnar á bak við reiðina : Viðurkenndu tilfinningar barnsins þíns án þess að vera sammála eða ósammála. Notaðu jákvæðar viðurkenningar eins og: „ Nú líður þér illa “, „ Ég veit að það gerði þig reiðan “, „ Þetta gerði þig líklega sorgmæddan “ o.s.frv. Með þessari nálgun hjálpar þú þeim að viðurkenna hvernig þeim líður og það er fyrsta skref í átt að því að læra að stjórna tilfinningum sínum og róa sig.
2. Vertu rólegur : Gerðu þitt besta til að vera rólegur. Ekki láta reiði barnsins trufla það sem þú ert að gera og reyndu að vera ekki í uppnámi. Þetta gerir barninu þínu kleift að skilja að reiðiköst eru ekki áhrifarík leið til að ná athygli þinni eða fá það sem það vill.
3. Hunsa reiði : Ef mögulegt er skaltu láta eins og ekkert sé að gerast og ekki bregðast við kröfum barnsins þíns. Hins vegar ætti ekki að hunsa suma hegðun, eins og að sparka eða slá aðra, kasta hlutum sem gætu valdið skemmdum eða meiðslum eða öskrum í langan tíma.
4. Fjarlægðu barnið þitt úr aðstæðum : Ef þú ert heima og barnið þitt getur ekki róað sig skaltu prófa að „time out“ taka það út af. Færðu það á rólegt og öruggt svæði.

2.7. Jákvæð styrking



Jákvæð styrking er öflug aðferð til að móta og breyta hegðun. Til dæmis, að segja "*Vel gert að þrifa herbergið þitt!*" gæti hvatt barnið þitt til að endurtaka hegðunina.

- Óyrt verðlaun: Þetta getur verið þumall upp, klapp á bakið eða faðmlag. Þessar bendingar geta sýnt barninu þínu að þú hafir tekið eftir og metið góða hegðun.
- Áþreifanleg verðlaun: Þetta eru verðlaun eins og límmiðar, leikföng eða nammi. Hins vegar ætti að nota þetta sparlega til að forðast að skapa aðstæður þar sem barnið hegðar sér vel bara til að fá verðlaunin.
- Verðlaun sem fela í sér athafnir: Þetta eru verðlaun í formi uppáhalds athafna, eins og að spila leik eða lesa bók saman. Þetta styrkir ekki aðeins jákvæða hegðun heldur styrkir einnig tengsl þín við barnið.
- Félagsleg umbun: Að segja öðrum fullorðnum hversu stoltur þú ert af hegðun barnsins þíns á meðan barnið þitt hlustar getur verið öflugur hvati.
- Samræmi: Þú umbunar stöðugt þá hegðun sem þú vilt sjá oftast, frekar en að einblína bara á neikvæðar gjörðir.

2.8. Tilfinningagreind

Til að stuðla að þroska tilfinningagreindar barnsins er nauðsynlegt að skilja og stjórna eigin tilfinningum.

Hér er stutt yfirlit yfir nokkrar leiðir til að rækta og þróa tilfinningagreind okkar sem feðra:

- Sjálfsvitund: Sjálfsvitund er fyrsta skrefið til að skilja og viðurkenna tilfinningar sínar þegar þú upplifir þær, bera kennsl á hver tilfinningin er og skilja orsök hennar.
- Sjálfstjórnun: Þegar þú ert meðvitaður um tilfinningar þínar er næsta skref að læra að stjórna þeim. Það þýðir ekki að bæla tilfinningar sínar heldur tjá þær á heilbrigðan og viðeigandi hátt.

- Sjálfsumönnun: Að sjá um líkamlega heilsu sína getur haft mikil áhrif á geðheilsu. Regluleg hreyfing, hollt mataræði, nægur svefn og að gefa sér tíma til slökunar og afþreyingar eru allt mikilvægir þættir í sjálfumönnun.
- Núvitund: Að æfa núvitund getur hjálpað þér að halda einbeitingu í augnablikinu sem getur gert það auðveldara að stjórna tilfinningum þínum. Núvitund felur í sér tækni eins og hugleiðslu, djúpöndun eða jóga.
- Að leita eftir stuðningi: Ef þú ert í erfiðleikum með að stjórna tilfinningum þínum getur verið gagnlegt að leita stuðnings frá öðrum. Þetta gæti verið traustur vinur eða fjölskyldumeðlimur, geðheilbrigðisstarfsmaður eða stuðningshópur.

2.8 .1 Að þekkja og bregðast við tilfinningum barnsins þíns


Það að þjálfast í að stjórna eigin tilfinningum getur hjálpað þér að þekkja og bregðast við tilfinningum barnsins þíns sem er mikilvægur þáttur í uppeldi. Hér eru nokkrar tillögur:

- Sjálfvitund og hegðun: Börn tjá tilfinningar sínar með hegðun sinni. Gefðu gaum að breytingum á hegðun þeirra sem geta verið merki um tilfinningalega líðan.
- Virk hlustun: Hlustaðu á það sem barnið þitt segir og hvernig það segir það. Tónn, hljóðstyrkur og talhraði getur gefið vísendingar um tilfinningar og líðan.
